

# FRIÐRIK FRIÐRIKSSON

Fæddur 26. júlí 1949 — Dáinn 15. september 2025

*Útför frá Dalvíkurkirkju*

*Þriðjudaginn 7. október 2025 — Kl. 13:00*

## Forspil

**HALLELUJAH**
*Lag & texti: Leonard Cohen*

•

## Signing og bæn

### Ó ÁST SEM FAÐMAR ALLT

*Texti: Sigurbjörn Sveinsson*
*Lag: Albert L. Peace*

Ó, ást, sem faðmar allt! Í þér
minn andi þreyttur hvílir sig,
þér fús ég offra öllu hér,
í undradjúp þitt varpa mér.
Þín miskunn lífgar mig.

Ó, fagra lífsins ljós er skín
og lýsir mér í gleði' og þraut,
mitt veika skar, það deyr og dvín,
ó, Drottinn minn, ég flý til þín
í dagsins skæra skaut.

Ó, gleði' er skín á götu manns
í gegnum lífsins sorgarský.
Hinn skúradimmi skýjafans
er skreyttur litum regnbogans
og sólin sést á ný.

Ó, ég vil elska Kristí kross
er kraft og sigur veitir mér.
Að engu met ég heimsins hnoss
því Herrann Jesús gefur oss
það líf sem eilíft er.

## Ritningarlestur

## LÍTTU SÉRHVERT SÓLARLAG

*Lag & texti: Bragi Valdimar Skúlason*

Sérhver draumur lifir aðeins eina nótt.
Sérhver alda rís en hnígur jafnan skjótt.
Hverju orði fylgir þögn
— og þögnin hverfur allt of fljótt.

En þó að augnablikið aldrei fylli stund
skaltu eiga við það mikilvægan fund
því að tár sem þerrað burt
— aldrei nær að græða grund.

Þú veist að tímans köldu fjötra enginn flýr.
Enginn frá hans löngu glímu aftur snýr.
Því skaltu fanga þessa stund
— því fegurðin í henni býr.

Líttu sérhvert sólarlag,
sem þitt hinsta væri það.
Því morgni eftir orðinn dag
enginn gengur vísum að.

# *Ritningarlestur*

## LIÐINN ER DAGUR

# *Guðspjall*

## NÆTURLJÓÐ ÚR FJÖRÐUM

*Lag & texti: Böðvar Guðmundsson*

Yfir í Fjörðum allt er hljótt,
Eyddur hver bær hver þekja fallin.
Kroppar þar gras í grænni tótt
gimbill um ljósa sumarnótt.
Ókleifum fjöllum yfirskyggð
ein er þar huldufólksbyggð.

Bátur í vör með brostna rá
bíður þar sinna endaloka.
Lagði hann forðum landi frá
leiðina til þín, fjörðinn blá.
Aldrei mun honum ástin mín
áleiðis róið til þín.

Fetar þar létt um fífusund
folaldið, sem í vor var alið.
Aldrei ber það um óttustund
ástina mína á vinafund.

Grær yfir leiði, grær um stein,
gröfin er týnd og kirkjan brotin.
Grasrótin mjúka, græn og hrein
grær yfir huldufólksins bein.
Grær yfir allt sem eitt sinn var,
ástin mín hvílir nú þar.

# *Minningarorð*



# MY WAY

*Texti: Paul Anka*
*Lag: Claude François & Jacques Revaux*

And now, the end is near
And so I face the final curtain
My friend, I'll say it clear
I'll state my case, of which I'm certain
I've lived a life that's full
I traveled each and every highway
And more, much more than this
I did it my way

Regrets, I've had a few
But then again, too few to mention
I did what I had to do
And saw it through without exemption
I planned each charted course
Each careful step along the byway
And more, much more than this
I did it my way

Yes, there were times, I'm sure you knew
When I bit off more than I could chew
But through it all, when there was doubt
I ate it up and spit it out
I faced it all, and I stood tall
And did it my way

I've loved, I've laughed and cried
I've had my fill, my share of losing
And now, as tears subside
I find it all so amusing
To think I did all that
And may I say, not in a shy way
Oh, no, oh, no, not me
I did it my way

For what is a man, what has he got?
If not himself, then he has naught
To say the things he truly feels
And not the words of one who kneels
The record shows I took the blows
And did it my way



## Bæn

### HEYR, HIMNA SMIÐUR

*Texti: Kolbeinn Tumason*
*Lag: Þorkell Sigurbjörnsson*

Heyr, himna smiður,
hvers skáldið biður,
komi mjúk til mín
miskunnin þín.
Því heit eg á þig,
þú hefur skaptan mig,
ég er þrællinn þinn,
þú ert Drottinn minn.

Guð, heit eg á þig
að græðir mig,
minnst, mildingur, mín,
mest þurfum þín.
Ryð þú, röðla gramur,
ríklyndur og framur,
hölds hverri sorg
úr hjartaborg.

Gæt, mildingur, mín,
mest þurfum þín
helst hverja stund
á hölda grund.
Set, meyjar mögur,
máls efni fögur,
öll er hjálp af þér,
í hjarta mér.

## Faðir vor

### NÚ LEGG ÉG AUGUN AFTUR

*Texti: Sveinbjörn Egilsson*
*Lag: Peter C. Krossing | Söngur: Kór*

Nú legg ég augun aftur,
ó, Guð, þinn náðarkraftur
mín veri vörn í nótt.
Æ, virst mig að þér taka,
mér yfir láttu vaka
þinn engil, svo ég sofi rótt.

### ÉG FEL Í FORSJÁ ÞÍNA

*Texti: Matthías Jochumsson*
*Lag: Peter C. Krossing | Söngur: Kór*

Ég fel í forsjá þína,
Guð faðir, sálu mína
því nú er komin nótt.
Um ljósið lát mig dreyma
og ljúfa engla geyma
öll börnin þín svo blundi rótt.

## Moldun





## ALLT EINS OG BLÓMSTRIÐ EINA

*Texti: Hallgrímur Pétursson*
*Lag: Antwerpen & Thomissøn | Söngur: Kór*

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjóvgun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði –
líf mannlegt endar skjótt.

Ég lifi' í Jesú nafni,
í Jesú nafni eg dey,
þó heilsa og líf mér hafni
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristí krafti eg segi:
Kom þú sæll þá þú vilt.

# *Blessun*

# *Útgöngulag* | SVARFAÐARDALUR



*Fjölskylda Friðriks þakkar auðsýnda samúð og hlýhug.*

**Að athöfn lokinni er viðstöddum boðið að þiggja veitingar í menningarhúsinu Bergi.**

Prestur — Séra Oddur Bjarni Þorkelsson
Organisti — Þórður Sigurðarson
Einsöngur — Kristjana Arngrímsdóttir & Þórður Sigurðarson
Gítarleikur — Kristján Eldjárn Hjartarson
Kórsöngur — Samkór Dalvíkurbyggðar
Meðhjálpari — Anna Hafdís Jóhannesdóttir